



## Verðbólga óbreytt í 4,3% í júlí

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,16% milli mánaða í júlí og er ársverðbólga óbreytt frá fyrri mánuði í 4,3%. Þetta var minni hækkun en við áttum von á, en við höfðum spáð 0,3% hækkun milli mánaða.

Mest áhrif til lækkunar milli mánaða höfðu flugfargjöld til útlanda, kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga), og bensín og díselolía. Mestu áhrif til lækkunar höfðu föt og skór (sumarútsölur) og matarkarfan.

Vísitalan hækkaði nokkuð minna en við áttum von á, en við höfðum spáð 0,3% hækkun milli mánaða. Það sem kom okkur mest á óvart var að matarkarfan lækkaði milli mánaða, en við áttum von á hækkun.

### Framlag innfluttra vara fer minnkandi

Í tölum júlímánaðar sáum við framhald á þeirri þróun sem við höfum séð það sem af er ári, þ.e. að framlag innfluttra og innlendra vara til verðbólgu er að minnka, en framlag húsnæðis og þjónustu að aukast.


Framan af skýrðist aukin verðbólga í faraldrinum nær eingöngu af auknu framlagi innfluttra vara vegna veikingar á gengi krónunnar. Nú er framlag húsnæðis og þjónustu fyrirferðarmeiri, og er júlí fyrsti mánuðurinn síðan heimsfaraldurinn skall á vorið 2020 sem framlag húsnæðis og þjónustu er hvort um sig hærra en framlag innfluttra vara.

Ef við skoðum síðan breytingu síðustu tólf mánuði á stærstu útgjaldaliðunum sést að matarkarfan (+1,7% milli ára) og föt og skór (+2,8% milli ára) hafa hækkað nokkuð minna en vísitalan í heild, en húsnæði (+7,2%) og bensín og díselolía (+14,0% milli ára) hafa hækkað meira en vísitalan.

### Matarkarfan lækkaði milli mánaða


Matarkarfan lækkaði milli mánaða í júlí, en við áttum von á smávægilegri hækkun. Munar þar mest um að ávextir lækkuðu um 2,1% og grænmeti lækkaði um 1,9%.

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Macrobond

Samsetning verðbólgunnar



Heimild: Macrobond



## Bílar hækkuðu

Verð á nýjum bílum (kaup ökutækja) hækkaði um 0,25% milli mánaða. Við áttum von á lækkun vegna gengisáhrifa. Svo virðist sem minna framboð vegna skorts á tölvukubbum og aukinni eftirspurn vegna kaupa bílaleiga hafi náð að vega upp á móti styrkingu krónunnar.

### Slakar sumarútsölur, eins og við áttum von á.

Föt og skór lækkuðu um 5,3% milli mánaða vegna sumarútsala. Lækkunin er svipuð og við áttum von á. Þetta er nokkuð meiri lækkun en í fyrra þegar föt og skór lækkuðu einungis um 3,6%.

Síðan heimsfaraldurinn skall á hafa útsölnar í júlí og janúar verið nokkuð slakar. Áður en faraldurinn skall á föt og skór lækkuðu iðulega um meira en 10% milli mánaða þessa tvo mánuði sem útsölur eru. Líkleg skýring á minni útsöluáhrifum nú en áður er aukin verslun Íslendinga innanlands vegna faraldursins.

### Áhrif vaxtabreytinga á kostnað við að búa í eigin húsnæði að fjara út

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hækkaði um tæplega 0,9% milli mánaða. Húsnæðisverð í vísitölunni hækkaði um rúmlega 0,9% milli mánaða, en áhrif vaxtabreytinga var um hálf prósentustig til lækkunar.

Framlag vaxtabreytinga til lækkunar á reiknaðri húsaleigu lækkaði fimmta mánuðinn í röð. Við eigum von á að júlí sé síðasti mánuðurinn í bili þar sem vaxtabreytingar verði til lækkunar á reiknaðri húsaleigu.


### Bensín hækkaði milli mánaða

Bensín og dísilolía hækkuðu um 3,9% milli mánaða og er tólf mánaða hækkunin 14%. Fatið af Brent kostar nú um 75 Bandaríkjadali, en kostaði 43 Bandaríkjadali í júlí 2020.

### Flugfargjöld hækkuðu milli mánaða


Flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 11,1% milli mánaða. Mælingar á flugfargjöldum til útlanda virðast vera að komast aftur í samt horf, en Hagstofan hélt þessum lið nánast óbreyttum eftir að faraldurinn hófst enda lágu flugsamgöngur að mestu niðri. Til samanburðar hækkaði þessi liður um 6,3%

## Útsölur á fötum og skóm




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

## Reiknuð húsaleiga



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

## Heimsmarkaðsverð á olíu (Brent)




Heimild: Macrobond



í júlí 2019, 23,0% í júlí 2018 og 20,3% í júlí 2017, en einungis um 0,8% í júlí í fyrra.

Áður en faraldurinn skall á var dýrast að fljúga til útlanda í júlí, en flugfargjöld lækkuðu síðan aftur í ágúst og september.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

